

Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar nefndarritara
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2006
Alþingi EXE.019.06
Erindi nr. P 132/2177
komudagur 31. 5. 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Flugmálastjórn Íslands og frumvarp um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar Íslands.

Forráðamenn Icelandair og Icelandair Group hf fagna því að fá tækifæri til að tjá sig um þau frumvarpsdrög sem fram hafa komið vegna framtíðarskipan flugmála. Jafnframt er þakkaður sá viðbótarfrestur sem veittur var til að gefa þessa umsögn.

Icelandair og Icelandair Group styðja þær skipulagsbreytingar sem boðaðar eru í frumvörpunum tveimur og leggja í því sambandi áherslu á eftirfarandi atriði:

Að breytingin verði ekki til þess að auka álögur á flugrekendur.


Að breytingin verði ekki til þess að takmarka sveigjanleika Flugmálastjórnar eða til að skerða hið þjónustumiðaða umhverfi sem tekist hefur með flugrekendum og Flugmálastjórn.

Fjallað er um gjaldtöku Flugmálastjórnar í 9. grein frumvarpsins um Flugmálastjórn Íslands. Þessi grein er mjög almennt orðuð og er nauðsynlegt að útfæra hana í frumvarpinu. Rétt er að benda á að skipulagsbreytingin sem slík, ætti ekki að fela í sér teljandi kostnaðarauka. Ekki er um aukningu á eiginlegri starfsemi að ræða heldur verður sú starfsemi sem nú er rekin af Flugmálastjórn Íslands framkvæmd af tveimur aðilum nái frumvarpið fram að ganga, Flugmálastjórn Íslands annars vegar og óstofnuðu hlutafélagi hins vegar. Það er mikilvægt að þessi uppskipti á starfseminni verði framkvæmd þannig að ekki komi til aukning í stjórnsýslu- og stoðeildarekstri þessara tveggja rekstrareininga. Gera verður þá kröfu að nútíma stjórnunarhættir, svo sem þjónustusamningar og hýsing skilgreindra verkefna, verði viðhafðir svo kostnaður við þessa þætti aukist ekki.

Í samræmi við þetta er sú krafa gerð að ekki verði aukning á álögum til íslenskra flugrekenda í tengslum við formbreytinguna. Verði einhver kostnaður til við þessa aðgerð, ætti hann ekki að vera varanlegur enda má ætla að breytt rekstrarform gefi bæði Flugmálastjórn og hlutafélaginu tækifæri til hagræðingar og aukinnar tekjuöflunar. Einnig ber að líta til þess að sú formbreyting sem boðuð er í frumvörpunum er til komin vegna krafna um vandaðri stjórnsýslu og aðgreiningu framkvæmdar og eftirlits. Það verður að teljast mjög óeðlilegt að mögulegur tímabundinn kostnaður sem af slíku hlýst verði borinn af íslenskum flugrekendum eða af farþegum þeirra. Í þessu sambandi er rétt að minna á það sem fram kemur í II. kafla athugasemda sem fylgja frumvarpinu en þar segir að ein af ástæðum þeirra breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu sé krafan um hagkvæman rekstur.

Sveigjanleiki, hröð afgreiðsla mála og þjónustulund starfsmanna Flugmálastjórnar hafa verið ein af forsendum fyrir samkeppnisforskoti íslenskra flugrekenda í alþjóðlegri útrás. Það yrði stórkostlegt slys ef þetta þjónustumiðaða umhverfi yrði skert með gjaldskrá sem hefti möguleika Flugmálastjórnar til að bregðast skjótt við stórum verkefnum. Þetta er brýnt hagsmunamál íslenskra flugrekenda og verður að vera tryggt að uppbygging gjaldskrárinnar verði með þeim hætti að stofnunin geti viðhaldið því svigrúmi og þeim sveigjanleika sem flugrekendur hafa notið fram að þessu.

Vinðingarfyllst,


Jón Karl Ólafsson
forstjóri